

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 299. fundur

Föstudaginn 1. febrúar 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Magnús Örn Guðmundsson, varamaður í stjórn (MÖG).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Árangursmat stjórnar
2. Öryggisstefna
3. Jafnlaunavottun
4. Vetnisvagnaútboð
5. Rafrænt greiðslukerfi
6. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
7. Gæludýr í strætó
8. Önnur mál

### Tekið fyrir:

#### 1. Árangursmat stjórnar

Í starfsreglum stjórnar Strætó er gert ráð fyrir að árlega meti stjórn störf sín, verklag og starfshætti svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Árangursmat var lagt fyrir stjórn í janúar 2019 í samræmi við framangreint.

Jóhannes S. Rúnarson, framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður árangursmats stjórnar fyrir starfsárið 2018.

#### 2. Öryggisstefna

Á fundi stjórnar 11. janúar sl. kynnti Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs drög að nýrri öryggisstefnu, ásamt því að fara yfir áherslur Strætó í öryggismálum 2019.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að öryggisstefnu.

#### 3. Jafnlaunavottun

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, fór yfir stöðuna er varðar vinnu við jafnlaunavottun fyrirtækisins. Enn er talsverð vinna eftir, en gert er ráð fyrir að vottunin geti fengist um mitt ár 2019.

#### 4. Vetnisvagnaútboð

Áframhaldandi umræður um vetnisverkefnið sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) hjá Evrópusambandinu, verkefnið var fyrst kynnt í stjórn Strætó 3. febrúar 2017 og hefur verið á dagskrá stjórnar Strætó reglulega síðan.

Á fundi stjórnar 21. september 2018 var samþykkt að fela framkvæmdastjóra Strætó að hefja undirbúning útboðs.

Fyrir fundinum liggja drög að útboðslýsingu vegna fyrirhugaðra kaupa á nýjum vetnisvögnum. Gert er ráð fyrir að útboðið eigi sér stað nú í febrúar.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að bjóða út kaup á vetnisvögnum í samræmi við fyrirbyggjandi drög. Fulltrúi Kópavogs sat hjá við afgreiðslu málsins.

Bókun frá fulltrúa Kópavogs í stjórn Strætó:

*„Enn erum við að vinna kostum og göllum þess að 14 rafmagnsvagnar voru keyptir sem umhverfisleg nýbreytni og má ýmsan lærdóm draga af því og ásamt vangaveltum um hver innviðaupbygging þarf að vera til þess að taka inn vistvæna orkugjafa á allan flota Strætó bs. Þrátt fyrir að undirrituð sé hliðholl kostum þess að prufa vistvæna orkugjafa þá tel ég þetta verkefni ekki vera tímabært og vil fylgjast betur með þróun og reynslu erlendis áður en Strætó leiðir slíkt verkefni hér á landi. Það er samt sem áður ánægjulegt að sjá að í útboðinu er ákveðið þak á þeim kostnaði sem Strætó bs. getur skuldbundið sig til kaupa á þessum vögnum og mun halda sig af ábyrgð innan þess fjárhagsramma.“*

## 5. Rafrænt greiðsluferfi

Í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 hefur verið unnið að gerð útboðsgagna fyrir fyrirhugað útboð á nýju rafrænu greiðsluferfi fyrir Strætó.

Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingatækni hjá Strætó, kynnti verkefnið og fór yfir helstu þætti sem tengjast fyrirhuguðu útboði.

Næstu skref í verkefninu eru m.a. að láta meta þá áhættu sem kann að felast í verkefninu eins og kveðið er á um í eigendastefnu Strætó. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að stjórn leggi ákvörðun um fjárfestinguna ásamt áhættumati fyrir eigendafund Strætó.

## 6. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

Fyrir fundinum liggur tillaga að áhættugreiningu útboðsgagna, frá VSÓ ráðgjöf dagsett 25. janúar 2019, þar sem farið yfir þá þætti sem talið er mikilvægt skoða og meta áður en endanleg ákvörðun er tekin um fyrirkomulag útboðsins.

Jóhannes S. Rúnarsson og Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs fóru yfir stöðuna á vinnu við undirbúning á fyrirhuguðu útboði og annað sem tengist framtíðarfyrirkomulagi akstursþjónustunnar.

Í skýrslu Nor ehf. um akstursþjónustu fatlaðra sem birt var í lok árs 2018 kemur fram kostnaður við rekstur þjónustuvers vegna þjónustunnar. Þegar samningur var gerður við Strætó bs. um Akstursþjónustu fatlaðra var áætlað fast verð fyrir þessa þjónustu sem var hlutfallsskipt milli sveitarfélaganna.

Fulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn Strætó óskar eftir upplýsingum um hvernig uppgjóri vegna þess umframkostnaður við reksturs þjónustuvers akstursþjónustu fatlaðra hefur verið háttað á samningstímabilinu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni.

## 7. Gæludýr í Strætó

Á fundi stjórnar 2. febrúar 2018 var samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að undirbúa tilraunaverkefni til eins árs eða lengst til 31. mars 2019, þar sem heimilt var að fara með gæludýr í Strætó í samræmi við skilyrði sem sett voru fram í bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi undanþágu frá á 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Í framangreindri undanþágu voru 12 skilyrði, þar sem 10 þeirra snúa að reglum um hvernig eigi að standa að verkefninu og 2 þeirra snúa að viðhorfskönnun og samráðshóp haghafa.

Í samræmi við heimildina frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur Strætó látið gera þrjár kannanir á viðhorfi farþega og vagnstjóra til þess að heimilt sé að fara með gæludýr í strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður þessa kannana sýna að um 50% farþega og vagnstjóra eru jákvæðir og/eða mjög jákvæðir gagnvart verkefninu.

Heildarfjöldi kvartana/ábendinga sem hægt er að tengja við verkefnið eru tíu frá því verkefnið fór að stað og þar til í lok janúar 2019.

Næstu skref er að kalla saman samráðshóp haghafa um verkefnið sem taka munu saman kosti þess og galla að leyfa gæludýr í almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir að fá varanlega heimild til að leyfa gæludýr í Strætó.

## 8. Önnur mál

- a) Stefnt er að því að halda vinnufund í tengslum við fyrirhugaða stefnumótun Strætó með ráðgjafa, stjórn og sviðsstjórum Strætó, 8. mars nk.

Fundi slitið: kl. 13:05

### Fylgiskjöl:

- Öryggisstefna Strætó, dagsett 1. febrúar 2019

\_\_\_\_\_  
Björg Fenger

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Magnús Örn Guðmundsson (varamaður)

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson